



Til aðildarhafna
Hafnasambands Íslands

Reykjavík 3. júlí 2020

1910001HA GG/vrh
Málalykill: 30.03

Efni: Boðun á hafnasambandsþing 2020

Í samræmi við 5. gr. laga Hafnasambands Íslands boðar stjórn hafnasambandsins til 42. hafnasambandsþings sem haldið verður í Ólafsvík, dagana 24. og 25. september 2020.

Samkvæmt 4. gr. laga hafnasambandsins velja aðildarhafnir fulltrúa á hafnasambandsþing og skal fulltrúafjöldi miðast við árstekjur skv. ársreikningi hafnasjóðs næstliðins árs að undanskildum óreglulegum tekjum. Upplýsingar um fjölda fulltrúa hvers hafnasjóðs verða sendar út um leið og aðildarhafnir hafa sent ársreikning sinn til hafnasambandsins. Vinsamlegast sendið þær upplýsingar á sesselia@samband.is.

Varafulltrúar á hafnasambandsþing skulu valdir jafnmargir. Heimilt er aðildarhöfn að senda fleiri fulltrúa en þá sem hafa atkvæðisrétt en greiða þarf 20.000 kr. fyrir hvern aukafulltrúa sem sækir þingið.

Kjörgengir á hafnasambandsþing og í stjórn Hafnasambands Íslands eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og hafnarstjórnnum, auk varamanna þeirra. Að auki eru kjörgengir starfsmenn hafna og sveitarfélaga.

Þingfulltrúar sjá sjálfir um ferðatilhögun og gistingu. Er fundarmönnum bent á að bóka gistingu hið fyrsta.

Þess er óskað að sveitarstjórnir/hafnarstjórnir tilkynni skrifstofu Hafnasambands Íslands um kjör fulltrúa á hafnasambandsþing eigi síðar en 1. september nk. Þær upplýsingar skal senda á valur@samband.is.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

